

REGLUGERÐ

nr. 322/1990

um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

sbr. rg. 531/2002, gildist. 19.07.2002, rg. 715/2002, gildist. 21.10.2002, rg. 32/2006, gildist. 24.01.2006

I.0 ORÐASKÝRINGAR

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

[*Alvarleg meiðsl* (Serious Injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og:

- hafa í för með sér meira en 48 klukkustunda sjúkrahúsvist er hefst innan 7 daga frá þeim degi að maðurinn slasast; eða
- eru fólgin í beinbroti (að frátöldu minni háttar broti á fingrum, tám eða nefi); eða
- eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum; eða
- eru fólgin í áverka á innra líffæri; eða
- eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna, eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans; eða
- eru fólgin í því að maður hefur orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.]¹

Farþegaloftfar (Passenger aircraft): Loftfar sem flytur fólk annað en flugverja, starfsmann flugrekanda sem er í starfi í þjónustu hans, fulltrúa hlutaðeigandi stjórnvalds eða umsjónarmann sem fylgir flutningi eða öðrum farmi.

[*Flugliði* (Flight crew member): Áhafnaliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á flugvakt stendur.]²

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

[*Flugverji* (Crew member): Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugvakt stendur.]³

[*Flutningsskjal fyrir hættulegan varning* (Dangerous Goods Transport Document): Skjal sem er tilgreint í tæknilegu fyrirmælunum. Það er fyllt út af þeim sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis og í því eru upplýsingar um hættulega varninginn. Í skjalinu er undirrituð yfirlýsing

¹ Rg. 531/2002, 1. gr.

² Rg. 531/2002, 1. gr.

³ Rg. 531/2002, 1. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

um að varningnum sé vel og nákvæmlega lýst með réttu sendingarheiti og UN-númeri (ef til er) og að hann sé rétt flokkaður, pakkaður, merktur og með merkimiðum og í flutningshæfu ástandi.]⁴

[*Gátlisti við móttöku* (Acceptance Check List): Skjal sem notað er við skoðun á ytra útliti pakka með hættulegum varningi, ásamt tilheyrandi skjölum, til að staðfesta að allar viðkomandi kröfur hafi verið uppfylltar.]⁵

[*Hleðslueiningabúnaður* (Unit Load Device): Gámur eða netvörupallur, með eða án hvolfþaks, sem er sérstaklega gerður fyrir loftför. (Ath. Þessi skilgreining nær ekki til safnambúða; sjá skilgreiningu á vörugámi að því er varðar gáma sem í eru geislavirk efni.)]⁶

Hleðslueining (Unit load device): Hvers konar gerð af vörugámi, loftfaragámi, loftfarapalli með neti, eða loftfarapalli með neti yfir hvolfþaki.

[*Hættulegur varningur* (Dangerous goods): Hlutir eða efni sem hætta getur stafað af gagnvart heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfi og koma fram á lista yfir hættulegan varning í tæknilegum leiðbeiningum ICAO eða þau sem eru flokkuð samkvæmt þeim leiðbeiningum.]⁷

Óhapp í tengslum við hættulegan varning (Dangerous goods incident): Atvik, annað en slys í tengslum við hættulegan varning, tengt flutningi hættulegs varnings flugleiðis, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari, og hefur í för með sér meiðsl á manni, eignatjón, eldsvoða, brot, leka á vökva eða geislavirkni, eða önnur ummerki er benda til þess að umbúðir hafi bilað. Sérhvert atvik tengt flutningi hættulegs varnings, sem stofnar loftfari eða þeim sem um borð eru í hættu, telst einnig óhapp í tengslum við hættulegan varning.

Ósamþýðanlegur (Incompatible): Notað um hættulegan varning sem hætt er við að valdi útstreymi hita eða gass eða myndi tærandi efni ef hann blandast öðrum slíkum varningi.

Pakki (Package): Frágengin vörusending, umbúðir og innihald, tilbúin til flutnings.

[*Rétt sendingarheiti* (Proper Shipping Name): Heiti sem nota skal um tiltekinn hlut eða efni í öllum flutningsskirteinum og tilkynningum, svo og á umbúðunum þar sem við á.]⁸

Ríki flugrekanda (State of the Operator): Ríki þar sem flugrekandi hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða, ef slíkur staður er ekki til, þá fastur aðsetursstaður hans.

[*Safnambúðir* (Overpack): Umbúðir utan um einn eða fleiri pakka sem saman mynda eina afgreiðsluheild og einstakur sendandi notar til hagræðingar við afgreiðslu og geymslu. (Hugtakið „hleðslueiningabúnaður“ fellur ekki undir þessa skilgreiningu.)]⁹

Slys í tengslum við hættulegan varning (Dangerous goods accident): Atvik, tengt flutningi hættulegs varnings flugleiðis, sem hefur í för með sér banvæn eða alvarleg meiðsl á manni eða meiri háttar eignatjón.

⁴ Rg. 531/2002, 1. gr.

⁵ Rg. 531/2002, 1. gr.

⁶ Rg. 531/2002, 1. gr.

⁷ Rg. 531/2002, 1. gr.

⁸ Rg. 531/2002, 1. gr.

⁹ Rg. 531/2002, 1. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

[*Tæknilegar leiðbeiningar* (Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air): Nýjasta gildandi útgáfa af „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ (skjal ICAO 9284), ásamt viðaukum og hvers kyns viðbótum, samþykkt og birt að ákvörðun ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).]¹⁰

[*Umbúðir* (Packaging): Ílát ásamt hlutum eða efnum sem nauðsynleg eru til þess að ílátið gegni hlutverki sínu og tryggir að kröfum um þökkun sé fylgt.]¹¹

[*UN-númer* (UN Number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi hefur gefið efnum og tilteknum flokkum efna til þess að unnt sé að bera kennsl á þau.]¹²

Undantekning (Exception): Ákvæði í reglugerð þessarri, sem leysir tiltekinn hættulegan varning undan kröfum sem að öllu jöfnu ættu við hann.

Undanþága (Exemption): Heimild gefin út af hlutaðeigandi stjórnvaldi til þess að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar.

[*Upprunaríki* (State of Origin): Flugmálayfirvöld í ríkinu þar sem hættulegur varningur er fyrst settur um borð í loftfar.]¹³

[*Vörugámur* (Freight Container): Vörugámur, sérstaklega búinn til flutnings á geislavirkum efnum, sem á að auðvelda flutninga á slíkum efnum, hvort heldur er innþökkuðum eða óinnþökkuðum, með einni eða fleiri flutningsaðferðum. (Sjá „hleðslueiningabúnaður“ hér að framan, ef hættulegi varningurinn er ekki geislavirk efni.)]¹⁴

[*Vöruloftfar* (Cargo Aircraft): Loftfar sem flytur vörur og eigur en ekki farþega. Í þessu samhengi eru eftirfarandi ekki taldir til farþega:

- i) flugverjar;
- ii) starfsmenn flugrekanda sem leyfilegt er að flytja í samræmi við fyrirmæli í flugrekstrarhandbókinni;
- iii) samþykktir fulltrúar flugmálayfirvalda; eða
- iv) menn sem hafa störfum að gegna vegna sérstakra sendinga um borð.]¹⁵

Vörusending (Consignment): Einn eða fleiri pakkar sem í er hættulegur varningur og sem flugrekandi tekur við og kvittar fyrir sem einni heild, frá einum sendanda, í eitt skipti, á einum stað til að flytja til eins viðtakanda á einum ákvörðunarstað.

¹⁰ Rg. 531/2002, 1. gr.

¹¹ Rg. 531/2002, 1. gr.

¹² Rg. 531/2002, 1. gr.

¹³ Rg. 531/2002, 1. gr.

¹⁴ Rg. 531/2002, 1. gr.

¹⁵ Rg. 531/2002, 1. gr.

2.0 GILDISSVIÐ

2.1 Almennt gildissvið.

[Reglugerð þessi, sem er samhljóða viðauka 18 við Chicagosamninginn, tekur til innanlands- og millilandaflugs með íslenskum loftförum og erlendum loftförum sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir. Reglugerðin tekur einnig til erlendra loftfara sem hafa viðkomu á Íslandi eða fljúga um íslenska lofthelgi.

Hlutaðeigandi ríki sem koma að flutningi; upprunaríki, ríki sem er flogið yfir, ríki sem millilent er í og ríki áfangastaðar, geta veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar þegar brýna nauðsyn ber til eða þegar annars konar flutningsaðferð er óheppileg eða þegar ekki er unnt vegna sjónarmiða um almannaheill að fara eftir reglugerðinni. Í slíkum tilvikum skal þess ætíð gætt að allt sé gert til að viðhalda sama öryggi og reglugerðin gerir ráð fyrir.]¹⁶

2.2 Tæknilegar leiðbeiningar um hættulegan varning.

2.2.1 "Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis" (Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air, Doc 9284), gefnar út af Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO og fáanlegar hjá Flugmálastjórn, fjalla um flutning hættulegs varnings flugleiðis.

2.3 Innanlandsflug.

2.3.1 Reglugerð þessi gildir einnig um flutning hættulegs varnings flugleiðis í innanlandsflugi nema Flugmálastjórn ákveði annað.¹⁷

3.0 FLOKKUN

[Hættulegum farmi skal skipt í flokka hættulegra efna eða varnings, í samræmi við tæknilegar leiðbeiningar um flutning hættulegs varnings flugleiðis, útgefið af Alþjóðaflugmálastofnuninni, og byggir á tilmælum Sameinuðu þjóðanna nr. ST/SG/AC.10/11 og reglum Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar um flutning geislavirkra efna.]¹⁸

4.0 TAKMARKANIR Á FLUTNINGUM HÆTTULEGS VARNINGS FLUGLEIÐIS

4.1 Hættulegur varningur sem leyfilegt er að flytja flugleiðis.

Bannað er að flytja hættulegan varning flugleiðis nema farið sé eftir því sem kveðið er á um í þessari reglugerð, svo og fyrirmælum og leiðbeiningum í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

¹⁶ Rg. 531/2002, 2. gr.

¹⁷ Grein 2.4 var felld brott með rg. 715/2002, 1. gr.

¹⁸ Rg. 531/2002, 3. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

4.2 Hættulegur varningur sem bannað er að flytja flugleiðis nema veitt sé undanþága. Eftirfarandi hættulegan varning er bannað að flytja flugleiðis nema undanþága sé veitt af hlutaðeigandi ríkjum samkvæmt ákvæðum í gr. 2.1, eða hann megi flytja með leyfi útgefnu af [upprunaríki]¹⁹ í samræmi við "Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis":

a) Hluti og efni sem eru á skrá í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis" yfir bannaðan varning við venjulegar aðstæður, og b) sýkt lifandi dýr.

4.3 Hættulegur varningur sem skilyrðislaust er bannað að flytja flugleiðis.

Hlutir og efni, sem tilgreind eru sérstaklega með heiti eða efnislýsingu í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis" og ákvæði eru um að bannað sé að flytja flugleiðis, skulu ekki flutt í neinu loftfari.

5.0 PÖKKUN

5.1 Almenn ákvæði.

Hættulegum varningi skal pakkað í samræmi við ákvæði þessa kafla og í samræmi við "Tæknilegar leiðbeiningar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

5.2 Umbúðir.

5.2.1 Umbúðir, sem notaðar eru við flutning hættulegs varnings flugleiðis, skulu vera í háum gæðaflokki og skulu þær vera vandlega gerðar og þeim tryggilega lokað svo að úr þeim leki ekki við flutning við venjulegar aðstæður vegna breytinga á hita, raka eða þrýstingi eða við titring.

5. júlí 1990 879 Nr. 322

5.2.2 Umbúðir skulu henta innihaldinu. Umbúðir, sem eru í beinni snertingu við hættulegan varning, eiga að standast efnaverkanir og aðrar verkanir frá slíkum varningi.

5.2.3 Efni og gæði umbúða skal vera í samræmi við ákvæði "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

5.2.4 Umbúðir skulu prófaðar í samræmi við ákvæði "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

5.2.5 Umbúðir, sem einkum er ætlað að geyma í vökva, skulu, án þess að leka, geta þolað þrýsting þann sem um getur í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

5.2.6 Búa skal um innri umbúðir á tryggilegan hátt, festa þær eða setja við þær púða til að hindra að þær brotni eða leki og hafa stjórn á hreyfingum þeirra í ytri umbúðum við eðlilegar aðstæður í flutningum flugleiðis. Efni, sem deyfa högg eða eru gleypin, mega ekki valda hættu ef þau komast í snertingu við innihaldið.

¹⁹ Rg. 531/2002, 3. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

5.2.7. [Engar umbúðir má endurnota fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að þær hafi ekki orðið fyrir neinni tæringu eða öðrum skaða. Þegar umbúðir eru notaðar aftur skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varningur sem í þær er settur, mengist ekki.]

5.2.8 Ef hætta getur stafað af óhreinsuðum tómum umbúðum vegna eiginleika þeirra efna, sem þær áður geymdu, skal loka þeim vandlega og meðhöndla þær í samræmi við þá hättu sem af þeim stafar.]²⁰

5.2.9 Hættuleg efni mega eigi loða við pakka að utanverðu í því magni að hætta stafi af.

6.0 MERKIMIÐAR OG MERKINGAR

6.1 Merkiðar.

Sérhver pakki með hættulegum varningi skal merktur með viðeigandi merkimiðum og í samræmi við ákvæði "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis", nema öðruvísi sé ákveðið í þeim leiðbeiningum.

6.2 Merkingar.

6.2.1 Sérhver pakki með hættulegum varningi skal merktur með réttu [sendingarheiti]²¹ innihaldsins, viðeigandi UN-númeri, ef um það er að ræða, ásamt öllum öðrum merkjum sem ákvæði kunna að vera um í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

6.2.2 Sérmerkingar á umbúðum.

Sérhverjar umbúðir, sem framleiddar eru samkvæmt sérstökum vörulýsingum "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis", skulu merktar sér í samræmi við ákvæði þeirra og engar umbúðir skulu þannig sérmerktar nema þær fullnægi þeim sérkröfum sem um getur í þessum leiðbeiningum.

6.3 Tungumál sem nota skal við merkingar.

Til viðbótar þeim tungumálum, sem krafist er af hleðsluríki, skal enska notuð við merkingar tengdar hættulegum varningi.

²⁰ Rg. 531/2002, 4. gr.

²¹ Rg. 531/2002, 4. gr.

7.0 ÁBYRGÐ SENDANDA

7.1 Almenn ákvæði.

[Áður en flutningsbeiðandi afhendir sendingu með eða án safnumbúða, sem í er hættulegur varningur til flutnings flugleiðis ber honum að ganga úr skugga um að ekki sé bannað að flytja varninginn flugleiðis, að hann sé rétt flokkaður, pakkaður og merktur og með honum fylgi fullnægjandi skilríki um hættulegan varning svo sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í tæknilegu leiðbeiningunum.

7.2 Farmskírteini um hættulegan varning.

7.2.1. Flutningsbeiðandi sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis skal fylla út, undirrita og afhenda flugrekanda flutningsskjal fyrir hættulegan varning þar sem fram koma þær upplýsingar sem kveðið er á um í tæknilegu leiðbeiningunum, nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim leiðbeiningum.

7.2.2 Í flutningsskjali fyrir hættulegan varning skal vera yfirlýsing frá flutningsbeiðanda um að varningnum sé fullkomlega og réttilega lýst, með réttu sendingarheiti farms, að hann sé flokkaður, pakkaður og merktur og þannig gengið frá honum að hann sé hæfur til flutnings flugleiðis í samræmi við reglugerð þessa og tæknilegu leiðbeiningarnar.]²²

7.3 Tungumál sem nota skal.

Til viðbótar þeim tungumálum, sem krafist er af hleðsluríki, skal enska notuð í farmskírteinum hættulegs varnings.

8.0 ÁBYRGÐ FLUGREKANDA

8.1 Móttaka til flutnings.

Flugrekandi skal ekki taka á móti hættulegum varningi til flutnings flugleiðis:

a) ef hinum hættulega varningi fylgja ekki útfyllt [flutningsskjal]²³ yfir hættulegan varning, nema þeirra sé ekki þörf samkvæmt ákvæðum "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis",

b) þangað til pakkinn, [safnumbúðir]²⁴ eða vörugámurinn, sem geyma hinn hættulega varning, hafa verið rannsökuð í samræmi við móttökuákvæði þau sem frá er greint í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

8.2 Gátlisti fyrir móttöku hættulegs varnings.

Flugrekandi skal útbúa og nota gátlista um móttöku hættulegs varnings til hægðarauka við að framfylgja ákvæðum í gr. 8.1 hér að framan.

²² Rg. 531/2002, 5. gr.

²³ Rg. 531/2002, 6. gr.

²⁴ Rg. 531/2002, 6. gr.

[8.3 Hleðsla og geymlsa:

Pökkum og safnumbúðum sem geyma hættulegan varning og vörugámum sem geyma geislavirk efni skal hlaða og stafla um borð í loftfar samkvæmt fyrirmælum tæknilegu leiðbeininganna.]²⁵

8.4 Skoðun með hliðsjón af skemmdum eða leka.

8.4.1 Pakka og [safnumbúðir]²⁶, sem hafa að geyma hættulegan varning, og vörugáma, sem hafa að geyma geislavirk efni, skal rannsaka með hliðsjón af því hvort einhver merki eru um leka eða skemmdir áður en þeim er hlaðið um borð í loftfar eða í hleðslueiningu. Pökkum, [safnumbúðum]²⁷ eða vörugámum sem leka eða eru skemmdir, skal ekki hlaða um borð í loftfar.

8.4.2 [Hleðslueiningabúnaði]²⁸ skal ekki hlaðið um borð í loftfar nema rannsókn [búnaðarins]²⁹ hafi leitt í ljós að engin merki séu um leka frá hættulegum varningi í henni né skemmdir á varningnum.

8.4.3 Sérhvern pakka hættulegs varnings, sem hlaðið hefur verið um borð í loftfar og virðist hafa skaddast eða leka, skal flugrekandi fjarlægja úr loftfarinu eða sjá til þess að hann sé fjarlægður af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða stofnun og síðan skal flugrekandi ganga úr skugga um að afgangur vörusendingarinnar sé í skaðlausu ástandi til flutnings flugleiðis og að enginn annar pakki hafi mengast.

8.4.4 Pakka eða [safnumbúðir], sem geyma hættulegan varning, og vörugáma, sem geyma geislavirk efni, skal skoða með hliðsjón af því hvort einhver ummerki séu um skemmdir eða leka, þegar þeir eru affermdir úr loftfari eða [hleðslueiningarbúnaði]³⁰. Ef í ljós koma ummerki um skemmdir eða leka skal rannsaka svæði það í loftfarinu, þar sem hinn hættulegi varningur eða [hleðslueiningarbúnaður]³¹ voru geymd, með hliðsjón af skemmdum eða mengun.

8.5 Takmarkanir á flutningi í farþegarymi eða stjórnklefa.

Hættuleg efni má hvorki flytja í farþegarymi, þegar farþegar eru um borð, né í stjórnklefa loftfars nema í þeim tilvikum sem slíkt er heimilað í samræmi við ákvæði "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

8.6 Eyðing mengunar.

8.6.1 Eyða skal tafarlaust hverri hættulegri mengun sem finnst í loftfari og stafað hefur af leka eða skemmdum á hættulegum varningi.

8.6.2 Loftfar sem mengast hefur af geislavirkum efnum skal þegar í stað tekið úr notkun og eigi tekið í notkun aftur fyrr en geislavirkni á öllum aðkvæmum stöðum og geisla-mengun, sem hefur ekki verið eytt, er neðan þeirra marka sem tilgreind eru í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

²⁵ Rg. 531/2002, 6. gr.

²⁶ Rg. 531/2002, 6. gr.

²⁷ Rg. 531/2002, 6. gr.

²⁸ Rg. 531/2002, 6. gr.

²⁹ Rg. 531/2006, 6. gr.

³⁰ Rg. 531/2006, 6. gr.

³¹ Rg. 531/2006, 6. gr.

8.7 Aðgreining og einangrun.

8.7.1 Pökkum, sem í er hættulegur varningur sem hugsanlegt er að tæki hættulegum efnahvörfum ef pakkarnir kæmst í snertingu hver við annan, skal ekki hlaða hverjum nærri öðrum í loftfari eða á þann hátt að hætta geti verið á slíkum efnahvörfum ef leki kemur að einhverjum umbúðum.

8.7.2 Pökkum með eitri og efnum, sem geta valdið smiti, skal hlaða í loftfar í samræmi við ákvæði "Tæknilegra leiðbeininga um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

8.7.3 Í loftförum skal pökkum, sem í eru geislavirk efni, komið fyrir fjarri fólki, lifandi dýrum og óframkölluðum filmum í samræmi við ákvæði um slíka flutninga í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

8.8 Öruggur frágangur hættulegs varnings.

Þegar hættulegum varningi, sem fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar, er hlaðið í loftfar skal flugrekandi sjá til þess að hann sé varinn gegn skemmdum og skal ganga frá slíkum varningi í loftförum á þann hátt að hann hreyfist ekki úr stað á flugi þannig að afstaða einstakra pakka breytist. Gengið skal þannig frá pökkum, sem geyma geislavirk efni, að tryggt sé að ákvæðum í gr. 8.6.3 sé ætíð fullnægt.

8.9 Hleðsla í vöruloftför.

Ef ekki er gert ráð fyrir annarri skipan í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis" skal pökkum, sem geyma hættulegan varning og merktir eru "Aðeins vöruloftför" (Cargo aircraft only), hlaðið þannig að flugverji eða annar aðili, sem til þess hefur heimild, geti séð, meðhöndlað og, ef stærð og þyngd leyfa, aðskilið slíka pakka frá öðrum farmi á flugi.

9.0 ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGAR

9.1 Upplýsingar fyrir flugstjóra.

Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóra loftfars, sem á að flytja hættulegan varning, séu afhentar, eins fljótt og unnt er fyrir brottför, þær skriflegu upplýsingar sem kveðið er á um í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

9.2 Upplýsingar og fyrirmæli fyrir flugliða.

Flugrekanda ber skylda til að hafa þess konar upplýsingar í flugrekstrarhandbók sinni að flugliðar geti rækt skyldur sínar við flutning hættulegs varnings. Honum er enn fremur skylt að sjá um að til séu fyrirmæli um aðgerðir áhafnar ef neyðarástand, tengt hinum hættulega varningi, skapast.

9.3 Upplýsingar fyrir farþega.

[Flugmálastjórn Íslands skal tryggja að upplýsingar séu birtar á þann hátt að farþegar séu varaðir við hvers konar hættulegum varningi sem þeim er bannað að hafa meðferðis um borð í loftfar eins og mælt er fyrir um í tæknilegu leiðbeiningunum.]³²

³² Rg. 531/2002, 7. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

9.4 Upplýsingar fyrir aðra.

Flugrekendur, sendendur eða aðrir (samtök/stofnanir/félög), sem tengjast flutningi hættulegs varnings flugleiðis, skulu veita starfsfólki sínu upplýsingar, sem gera því kleift að rækja skyldur sínar við flutning hættulegs varnings, og veita því leiðbeiningar um aðgerðir sem grípa skal til ef neyðarástand skapast í sambandi við flutning hættulegs varnings.

9.5 Upplýsingar flugstjóra til flugvallaryfirvalda.

[Ef neyðarástand verður um borð, skal flugstjóri eins fljótt og unnt er, upplýsa hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um allan hættulegan varning um borð í loftfarinu til þess að unnt sé að láta flugvallaryfirvöld vita í samræmi við tæknilegu leiðbeiningarnar.]³³

9.6 Upplýsingar við flugslys eða óhapp.

[9.6.1 Ef verður flugslys eða alvarlegt flugatvik, þar sem hættulegur varningur um borð gæti hafa komið við sögu, skal flugrekandi loftfars sem flytur hættulegan varning veita án tafar upplýsingar til björgunaraðila um hættulega varninginn um borð eins og fram kemur í skýrslu til flugstjórans. Flugrekandi skal einnig eins fljótt og auðið er veita þessar upplýsingar hlutaðeigandi yfirvöldum ríkis flugrekandans og þess ríkis þar sem slysið eða alvarlega flugatvikið átti sér stað.

9.6.2 Ef flugatvik verður skal flugrekandi loftfars sem flytur hættulegan varning ef um er beðið veita án tafar upplýsingar til björgunaraðila og hlutaðeigandi yfirvaldi í því ríki sem atvikið átti sér stað um hættulega varninginn um borð eins og fram kemur á skýrslunni til flugstjórans.]³⁴

10.0 FRÆDSLÁ OG ÞJÁLFUN

Þjálfunaráætlanir vegna hættulegs varnings skulu gerðar og endurbættar eins og gert er ráð fyrir í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

11.0 ÖNNUR ÁKVÆÐI

[Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt að því er varðar póstsendingar.]³⁵

³³ Rg. 531/2002, 7. gr.

³⁴ Rg. 32/2006, 1. gr.

³⁵ Rg. 531/2002, 8. gr.

Reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, með áorðnum breytingum.

12.0 TILKYNNINGAR UM SLYS OG ÓHÖPP VIÐ FLUTNING HÆTTULEGS VARNINGS FLUGLEIÐIS

Flugrekendur skulu án tafar tilkynna flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp, sem stafa af hættulegum varningi, eftir að hann hefur verið afhentur til flutnings flugleiðis. Slíkar tilkynningar skal gefa í samræmi við nánari ákvæði í "Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis".

[13.0 RÁÐSTAFANIR TIL VERNDAR HÆTTULEGS VARNINGS.

Flugrekendur, sendendur eða aðrir sem umsjón hafa með flutningi hættulegs varnings flugleiðis, skulu verja sendingar sem innhalda hættulegan varning frá óheimilum aðgangi, við móttöku, meðhöndlun og meðferð, þar til þær eru settar um borð í loftfar og fram að brottför loftfarsins, hvort heldur er á flugvallarsvæðinu eða utan þess, í því skyni m.a. að koma í veg fyrir þjófnað eða misnotkun. Þessar ráðstafanir skulu vera samsvarandi flugverndarráðstöfunum í samræmi við reglugerð um flugvernd.]³⁶

14.0 ÝMIS ÁKVÆÐI

14.1 Undanþágur.

[14.1.1 Flugmálastjórn Íslands (flugöryggissvið) getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi verður ekki stefnt í hættu.]³⁷

14.2 Refsiákvæði.

[14.2.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.]³⁸

14.3 Gildistaka.

14.3.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1990. Jafnframt fellur úr gildi "Reglugerð um öruggan flutning hættulegra efna með loftförum" nr. 553/1987.

Samgönguráðuneytið, 5. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

³⁶ Rg. 32/2006, 2. gr.

³⁷ Rg. 531/2002, 9. gr.

³⁸ Rg. 531/2002, 10. gr.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.